

12. gr.

84

Séu olíu- og benzínælar eða annar útbúnaður benzín- og olíuverzlana ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglugerðar þessarar, þegar hún tekur gildi, skal mælunum lokað með 30 daga fyrirvara. Sama gildir, ef síðar verður vart við tæki í notkun, sem ekki eru í samræmi við ákvæði laga eða reglugerða.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 21 22. marz 1949, um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu, og birtist hér með til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Í atvinnumálaráðuneytinu, 23. júní 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

85

6. júlí

um skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn.

1. gr.

Sérfræðibókasöfn í eigu opinberra stofnana eða styrkt af almannafé skulu eiga samvinnu milli sín og við Landsbókasafn um bókakaup, skrásetningu og bókalán.

Menntamálaráðuneytið getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglum þessum, séu gildar ástæður fyrir hendi.

2. gr.

Erlendar fræðibækur hvers safns skulu skráðar eftir svokölluðu Dewey-kerfi, sem notað er í Landsbókasafni. Skrár skulu vera spjaldskrár í alþjóðlegu broti, nema samkomulag sé um frávik, sem talin séu til bóta.

3. gr.

Í skráningarmiðstöð Landsbókasafns skal varðveita til almennrar notkunar einfalda eða tvöfalda samskrá þeirra sérfræðirit, sem skráð eru, eftir nánari ákvörðun landsbókavörðar. Eftirrit eftir skránni um viðeigandi efnisflokka skulu höfð í þeim söfnum öðrum, sem þeir efnisflokkar varða mjög, og bætist þar við eftirrit samsvarandi efnisflokka, sem eru í flokkuðum skráum Landsbókasafns. Samskrána og eftirrit skal auka með spjöldum nýfenginna bóka, jafnskjótt og þær koma í notkun héraendis, og viðhald skrárinnar skal í öllu vera gott. Spjöld í samskrá og eftirritum skulu merkt einkennisstöfum þess safns, sem bókin á.

4. gr.

Í skráningarmiðstöð Landsbókasafns skal varðveita óskaskrá bóka (desiderata) um þau vísindarit, sem menn á vegum sérfræðibókasafnanna telja sér mikilsverð, einnig um hliðstæð rit, sem reynsla í Landsbókasafni sýnir að séu mjög æskileg. Landsbókavörður tekur við óskaseðlum og sér um viðhald skrárinnar og breytingar í samráði við þær stofnanir og sérfræðinga, sem lagt hafa fram óskaseðla. Yfirmenn sérfræðisafna hafa samvinnu við landsbókavörð um útvegum sérfræðirit, og skal þess gætt, að ekki séu keypt óþarflega mörg eintök af sama riti. Heimilt er landsbóka-

85 verði að láta Landsbókasafn taka að sér að útvega safni sérfræðibækur með kostnaðarverði eigi síður en með þeirri bókaskiptaaðferð, sem ákveðin er í 6. gr. laga um Landsbókasafn.

5. gr.

Hvert safn um sig ber fyrirhöfn og nauðsynlegan kostnað við skráning bóka sinna og leyfir gjaldlaust að rita eftir skráum sínum í þágu samskrár.

Landsbókasafn ber nauðsynlegan kostnað við samskrána og þá leiðbeiningastarfsemi, sem eigi verður komizt hjá til að gera skráning sérfræðisafnanna nothæfa samskránni.

Háskólabókasafn og önnur sérfræðisöfn bera hvert um sig kostnaðinn við að búa sér til þær efnisflokkaskrár, sem 3. gr. ætlar þeim að eiga.

Þegar fært er, að Landsbókasafn fjölgi spjöldum skráa sinna í vél, selur það spjöldin sérfræði- eða almenningsbókasöfnum eftir reglum og taxa, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

6. gr.

Leyfilegt er yfirmönnum viðurkenndra opinberra safna að færa bækur milli þeirra, og breytast spjöld í samskrá eftir því. En rit, sem eru í samskrá, má ekkert safnanna láta, án leyfis landsbókavardar, burt úr umsjá þessa safnhóps né tortíma því viljandi.

7. gr.

Sérfræðibókasöfnin eru jafnan skyld til að ljá hvert öðru bækur, nema óvanalegt fágæti eða sífelld notkun bókarinnar banni. Um þau útlán gilda sömu ákvæði og í 22., 24.—26. gr. reglug. um Landsbókasafn á þann hátt, sem við verður komið á hverjum stað.

8. gr.

Háskólabókasafn og önnur sérfræðibókasöfn skulu senda landsbókaverði árlega skýrslu um starfsemi sína og bókaöflun. Varðveitir Landsbókasafn skýrslurnar og vinnur úr þeim með þeim hætti, að hægt sé að veita menntamálaráðuneytinu sem fyllsta vitneskju um safnaþróunina á hverjum tíma.

Gefa skal út sameiginlega ritaukaskrá, prentaða eða í fjölríti, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 44/1949, um Landsbókasafn, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 44/1950, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. júlí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.